



Reykjavík, 30. janúar 2024

MSS23110034

Borgarráð

Fyrirspurn til borgarráðs vegna tilkalls til stytta af séra Friðriki Friðrikssyni

Lagt er til að borgarráð hafni hjálagðri beiðni Birgittu Spur, ekkju Sigurjóns Ólafssonar, myndhöggvara, um tilkall til stytta af Friðriki Friðrikssyni, dags. 1. desember 2023, með vísan í hjálagða umsögn Listasafns Reykjavíkur, dags. 18. desember 2023 sem og hjálagðs minnisblaðs embættis borgarlögmans, dags. 26. janúar 2024.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Beiðni Birgittu Spur, ekkju Sigurjóns Ólafssonar, myndhöggvara, um tilkall til stytta af Friðriki Friðrikssyni, dags. 1. desember 2023.

Umsögn Listasafns Reykjavíkur vegna erindis Birgittu Spur, dags. 18. desember 2023.

Minnisblað embættis borgarlögmans um eignarhald á styttunni „séra Friðrik og drengurinn“, dags. 26. janúar 2024.



Reykjavík



Erindi til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara: Submission #35

► Submission information

Nafn Inga Birgitta Spur

Kennitala 281231-4059

Netfang birgitta@LSO.is

Sími +354 698 2906

Erindið Ég undirrituð Birgitta Spur, ekkja Sigurjóns Ólafssonar, myndhöggvara, óska þess að gera tilkall til stytta sem hann gerði af séra Friðriki Friðrikssyni árið 1952, og sem var sett upp við Lækjargötu 1955. Rökstuðningur fyrir þessari beiðni má finna í bréfi sem fylgir.

Virðingarfyllt,

Birgitta Spur

281231-4059

birgitta@LSO.is

Hefur verið leitað til annarra aðila hjá Reykjavíkurborg? Nei

Hvers vegna er leitað til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara? Leitað er til borgarstjóra og formanns borgarráðs sem æðstu embættismanna Reykjavíkurborgar

Fylgigögn

2023 11 30 - Drög að bréfi 4- BS.docx

Fylgigögn {Empty}

Fylgigögn {Empty}

Annað {Empty}

Reykjavíkurborg
B.t. Dags B. Eggertssonar og Einars Þorsteinssonar
Ráðhúsinu,
Tjarnargötu 11,
101 Reykjavík

Reykjavík, 1. desember 2023

Efni: Séra Friðrik og drengurinn, eftir Sigurjón Ólafsson

Góðan dag,

Ég heiti Birgitta Spur og er ekkja Sigurjóns Ólafssonar heitins sem er höfundur styttnar „Séra Friðrik og drengurinn“.

Mér hefur borist til eyrna að fyrirhugað sé að taka niður umrædda stytta og geyma hana í geymslu í Listasafni Reykjavíkur. Þessi ákvörðun var tekin á fundi Borgarráðs nr. 5726, fimmtudaginn 23.11.2023.

Ég hef lesið fundargerðina og minnisblað sem fylgdi henni.

Í minnisblaði borgarlögmans kemur fram að „endanlegur geymslustaður verksins verði að ráðast af eignarheimildum yfir því“. Þó að gert hafi verið ráð fyrir að það hafi verið í eigu borgarinnar þá liggja engar skriflegar eignarheimildir fyrir um það. Í minnisblaðinu segir „Geri ekki aðrir tilkall til verksins er því ekkert sem girðir fyrir að Reykjavíkurborg færi verkið í eigin geymslu með framangreindum hætti“.

Í ljósi þessa ummæla geri ég, ekkja Sigurjóns Ólafssonar, tilkall til styttnar, og myndi gjarnan vilja fá hana afhenta í stað þess að hún verði geymd í geymslu listasafnsins um ókomna tíð. Þess má geta að styttnan nýtur höfundaverndar og fer ég með höfundarétt vegna verka eiginmanns míns.

Aðdragandinn að því að Sigurjón gerði styttuna kemur vel fram á vefsíðu Listasafns Reykjavíkur en þar segir að „Vaknaði þá áhugi meðal gamalla nemenda sr. Friðriks á að láta reisa hinum aldna æskulýðsleiðtoga verðugt minnismerki og var Sigurjón sjálfkjörinn til verksins. Valtýr Stefánsson, ritstjóri Morgunblaðsins, tók að sér fjársöfnun vegna minnismerkisins og samdi við yfirvöld, ríki og borg, um staðsetningu þess.“

Því var fjársöfnun til að styrkja mann minn heitinn til að gera umrædda stytta. Það var hins vegar einungis samið við Reykjavíkurborg um birtingu styttnar en ekki var um gjöf til borgarinnar að ræða eins og gögnin benda til sbr. orðalag um „samið um staðsetningu styttnar“.

Mér myndi þykja afar vænt um að fá styttuna afhenta enda er um að ræða einstakt verk eftir eiginmann minn heitinn og lagði hann mikið til við gerð hennar og var Sigurjón sjálfur einn af drengjum séra Friðriks. Hann sótti samkomur KFUM, þegar hann eftir fermingu fluttist með

foreldrum sínum til Reykjavíkur. Þegar Sigurjón kom heim sumarið 1931 eftir að hafa hlotið gullverðlaun konunglega danska listaháskólans, sótti hann tíma hjá séra Friðriki í latínu og þýsku í þeim tilgangi að undirbúa sig fyrir Rómardvölina, sem fylgdi verðlaununum góðu. Á stríðsárunum, þegar báðir dvöldu í Kaupmannahöfn, gerði Sigurjón frábæra andlitsmynd af honum og áratug síðar sat Friðrik fyrir í bragganum á Laugarnesi, þegar Sigurjón gerði fyrstu drög að styttni.

Ég áskil mér rétt til að koma frekari athugasemdum hvað þetta varðar á framfæri.

Með vinsemd og virðingu og von um góð viðbrögð,

Birgitta Spur

Frá: birgitta@lso.is <birgitta@lso.is>

Sent: föstudagur, 1. desember 2023 13:11

Til: Ólöf Kristín Sigurðardóttir <olof.kristin.sigurdardottir@reykjavik.is>; Sigurður Trausti Traustason <sigurdur.trausti.traustason@reykjavik.is>

Efni: Stytta séra Friðriks

Ólöf K. Sigurðardóttir, forstöðukona Listasafns Reykjavíkur
Sigurður Trausti Traustason, deildarstjóri Listasafns Reykjavíkur

Heil og sæl,

Fyrst bestu þakkir fyrir að hafa sett lýsingu á Íslandsmerki nú hér í skammdeginu. Og takk fyrir að láta mig vita af fundi Borgarráðs nr. 5726, fimmtudaginn 23.11.23.

Ég hef lesið fundargerðina og skjölin sem fylgdu henni og varð undrandi á að í tillögu sinni um að fjarlægja stytta séra Friðriks segir borgarstjóri eftirfarandi:

„Á sínum tíma safnaði KFUM og KFUK fyrir minnismerki um séra Friðrik Friðriksson (1868-1961) og gaf Reykjavíkurborg hana. Minnismerkið var reist árið 1955 að tilstuðlan gamalla nemenda sr. Friðriks“.

Orð borgastjórans samræmist ekki þeim upplýsingum sem eru í fórum Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, að KFUM og KFUK áttu að hafa staðið að innsöfnun fyrir minnismerkinu, þótt félögin hafi lagt sitt af mörkum.

Ég hef síðan séð að Listasafn Reykjavíkur birtir aðrar upplýsingar, sem falla í þrá við upplýsingar sem við höfum undir höndum í Listasafni Sigurjóns og sem bárust okkur síðla árs 1994 frá Friðriki Jónssyni og öðrum erfingjum Jóns E. Bergsveinssonar, erindreka. Friðrik Jónsson kom með möppu með upplýsingum um aðdraganda og kostnað við gerð styttunnar og reyndar bókhaldið allt varðandi styttunnar.

Áður en Friðrik Jónsson sótti möppuna hjá okkur, sem hann ætlaði að skila til KFUM og safns séra Friðriks, tókum við í Listasafni Sigurjóns ljósrit af þeim hluta skjalanna, sem tengdust framkvæmdum við verkið:

1. Verkgreiðslur til Sigurjóns Ólafssonar sem Valtýr Stefánsson, ritstjóri Morgunblaðsins, hafði umsjón með ásamt Jóni E. Bergsveinssyni.
2. Sýnishorn undirskriftalista með fyrirsögninni ÁVARP til þjóðarinnar dagsett 12. apríl 1951. Undir ávarpinu skrifuðu 100 þjóðkunnar persónur.
3. Á einni blaðsíðu er samantekt okkar á helstu upplýsingum sem mappan geymdi. Ofangreind skjöl fylgja í viðhengi til upplýsinga og fróðleiks.

Bestu kveðjur,

Birgitta Spur

1994

syni Friðriki Jónssyni, Kópavogsbaut 1 B. 1120
Sonur Jóns E. Bergsveinssonar 604238

Í árslok barst Listasafni Sigurjóns mappa frá erfingjum Jóns Bergsveinssonar um kostnað vegna styttunni af Sr. Friðrik sem Sigurjón gerði að beiðni hóps manna greinilega undir forystu Valtýs Stefánssonar á Morgunblaðinu. Jón E. Bergsveinsson sá um bókhald þessa verkefnis og inniheldur mappan bókhaldsskjöl þessi. †

Ávarp (1000 eintök) var prentað í ágúst 1951 sem hefst á orðunum "Íslendingar! Barnavininn síra Friðrik Friðriksson, þarf ekki að kynna fyrir yður". Undir það rita valinkunnir menn á Akranesi, í Reykjavík og Hafnarfirði og "öðrum stöðum". Undir ávarpinu voru auðar línur fyrir styrktarmenn til að lofa áheimum. Út úr bókhaldsgögnum þessum má ýmislegt lesa og er hér aðeins tæpt á nokkrum atriðum.

Tekjur:

Samskot víðast af af landinu, mest úr Reykjavík og vesturlandi Stór hópur frá Akranesi. KFUM og K og knattsp. félag Valur gefur vel. Skv fylgiskjölum eru loforð fyrir 67.527. Mest af fénu hefur verið sent þó eru ýmis loforð sem ekki er séð að hafi komið, og gætu þá hafa verið skráð sérstaklega. (fylgiskjal 31)

Gjöld

Prentun pappír, portó 778,96
(þar af prentun "Ávarps" 1000 stk Ísafprsm. 9.ág '51 (255.10)

Símskeyti Lauriz Rasmussen Köbenh. 11.12.52 64,70
" " 22.05.53 og 24.5.53 58,0

Greitt Sigurjóni

5.3.52 10.000,
3.7.52 (Tove tók við f.h. SÓ) 5.000,
17.4.53 Lokagreiðsla v. stytta af Sr Fr. 15.000,

Gjaldeyrisyfirfærslur, oft illa skilgreindar:

Þrjú gjaldeyrisleysigjöld (fskj 30) 143,71
2115 DKR (Fsk 30, 23.5.52) "Sent til Sigurj. Ól í
Kbh" greinilega ætlað til greiðslu einhvers 5.016,50
1850 DKR m. brefi til B. UzFr. skv meðf. reikn (fskj 30
dags 7.7-24.7 '52) "Form og Afstöbning af Billed-
hugger Sigurjón Olafsons Portgrætfigur af
Pastor Friðrik Friðriksson" 4.387,95
Fsk 39, 20. maí '53 Gjaldeyris og innflutningsleyfi
annars óskilgreint 61.368,
Kostnaður v. síðasta liðar 613,68
án skýringar (fsk 45 109.53) 808,
án skýringar 31-7-52 5.016,50

Tryggingar

Sjóvá 25.8.53 af tryggingarupphæð 140.000 1.433,60
National 3.6.53 af tryggingarupphæð 26.000 808,85
Sjóvá mánuð í viðbót (16.10.53-15.11.53) annars eins 175,

Þrjár greiðslur til Morgunblaðsins frá Jóni E Bergsveinssyni, tvær þeirra gegnum Sigurbjörn Þorkelsson, kvittað fyrir af óskiljanlegri höng Mbls. Þetta gæti verið tvítalning því S. Ó. kvittaði fyrir að hafa tekið við fé frá Mbl. fyrir sig. Útgjöld Mbls fyrir þessu ættu að vera í fórum þess:

Fskj. 25 18.12.52 1.500,
Fskj. 71 28.01.53 5.000,
Fskj. 70 18.12.52 3.500,
120.673,45

* Mappunni skilað 4/12 '94 til
Friðriks Jónssonar, sem allar að gefa hana
Síra Friðrik safninu til varðveislu.

ÁVARP

Íslendingar!

Barnavininn, síra Friðrik Friðriksson, þarf ekki að kynna fyrir yður. Öll þjóðin þekkir hann og hans mikla og göfuga lífsstarf. Það er ekki ofmælt, að stærri hópur manna, yngri og eldri, eigi honum persónulega meira að þakka en nokkrum öðrum, að undanskildu nánasta vandafólki, og áhrifa hans hefir gætt í lífi fleiri en tölu verður á komið. Og leiðsögn hans hefur varðað þjóðinni veg til betra og sælla lífs. Síra Friðrik er einstæður maður með samtíð sinni, og í framtíð mun þjóðin virða minningu hans sem eins sinna mestu velgjörðamanna.

Það er vel og maklegt, þegar þjóðir reisa sínum ágætustu sonum bautasteina, m. a. með þeim hætti, að svipmót þeirra varðveitist komandi kynslóðum. Slíkt hefur menningargildi, auk þess sem það er sýnilegt tákni alþjóðarþakklætis fyrir afburðaeðlistarf. Síra Friðrik Friðriksson er slíks maklega verður.

Fyrir oss, sem undirritum þetta ávarp, vakir það, að líkani af síra Friðrik (almynd) verði komið upp í höfuðstað landsins á nálægum tíma. Og vjer ætlumst til, að þjóðin öll eigi þar hlut að. Vjer efum ekki, að þetta verði auðsótt mál, svo mikið sem íslenska þjóðin á honum að þakka.

Hugsað er, að líkanið verði fagurlega undirbyggt og á táknrænan hátt, og fá þar listamenn vorir verkefni að glíma við. Um gerð minnismerkisins verður ekki frekar sagt á þessu stigi.

Vjer treystum hinum mörgu — mörgu vinum síra Friðriks um land allt til að stuðla að því, að umrædd hugmynd verði að veruleka sem fyrst, og leggi til þess nokkra fjárhæð, eftir efn-um og ástæðum.

12. apríl 1951.

Á AKRANESI:

Árni Árnason hjeraðslæknir
Friðrik Hjartar skólastjóri
Geirlaugur Árnason söngstjóri
Haraldur Böðvarsson útg.m.
Jón Árnason forseti bæjarstjórnar
Jón M. Guðjónsson sóknarprestur
Karl Helgason símtstjóri
Ólafur B. Björnsson ritstjóri
Pjetur Ottesen alþm.
Ragnar Jóhannesson skólastj.
Sverrir Kr. Sverrisson cand. theol.

Í REYKJAVÍK:

Árni Friðriksson fiskifræðingur
Árni Tryggvason hæstar.dómari
Áslaug Ágústsdóttir frú
Ásmundur Guðmundsson prófessor
Auður Auðuns frú
Bjarni Benediktsson ráðherra
Bjarni Jónsson prestur
Björn Magnússon prófessor
Einar Erlendsson húsameistari
Einar Olgeirsson alþm.
Elinborg Lárusdóttir rith.
Emil Björnsson prestur
Emil Jónsson vitamálastj.
Erlendur Þórðarson prestur
Freysteinn Gunnarsson skólastj.
Garðar Svavarsson prestur
Geir G. Zoëga vegamálastj.
Gizur Bergsteinsson hæstar.dómari
Guðbjartur Ólafsson hafnsögum.
Guðm. Ásbjörnsson fors.bæjarstj.
Gunnar Thoroddsen borgarstj.
Guðni Jónsson skólastj.
Guðrún Jónasson kaupkona
Gunnþórunn Halldórsdóttir kaupk.
Gylfi Þ. Gíslason prófessor
Halldór Hansen læknir

Halldór Kristjánsson blaðamaður
Hallgr. Benediktsson stórkaupm.
Hallgrímur Jónsson fyrv. skólastj.
Haraldur Guðmundsson alþm.
Hermann Jónasson ráðherra
Indriði Guðmundsson kaupmaður
Ingimar Jónsson skólastj.
Ingvar G. Nikulásson, f. prestur
Jakob Jónsson sóknarprestur
Jón Ásbjörnsson hæstar.dómari
Jón Auðunns dómprófastur
Jón E. Bergsveinsson erindreki
Jón Skagan prestur
Jóhann Sæmundsson prófessor
Jónas Jónsson skólastjóri
Kristján Guðlaugsson ritstjóri
Kristinn Ármannsson yfirkennari
Kristinn Stefánsson stórtemplar
Lára Sigurbjörnsdóttir frú
Magnús Jónsson prófessor
Magnús Már Lárusson prófessor
Ólafur Ólafsson kristniboði
Ólafur Lárusson prófessor
Ólafur Thors ráðherra
Páll Ísólffsson doktor
Ragnhildur Sveinsdóttir
Sigurbjörn Einarsson prófessor
Sigurður Nordal prófessor
Sigurgeir Sigurðsson biskup
Sigurjón Þ. Árnason prestur
Sigurjón A. Ólafsson fyrv. alþm.
Steingr. Steinþórssón fors.ráðh.
Valtýr Stefánsson ritstjóri
Vilhjálmur Þ. Gíslason skólastj.
Vilhjálmur Þór forstjóri
Þorsteinn Björnsson frík.prestur

Í HAFNARFIRÐI:

Ásgeir G. Stefánsson frkvstj.

Bjarni Snæbjörnsson læknir
Garðar Þorsteinsson prestur
Gunnlaugur Stefánsson kaupm.
Helgi S. Guðmundsson bæjarf.tr.
Ingólfur Flygenring kaupmaður
Jóel Fr. Ingvarsson skósmiður
Jón Gíslason útgerðarmaður
Jón Mathiesen kaupmaður
Jóhanna Eiríksdóttir
Júlíus V. J. Nýborg skipasmiður
Ólafur Tr. Einarsson útg.m.
Ólafur H. Jónsson kaupmaður
Stefán Jónsson kennari
Valdimar Long kaupmaður
Þorgils G. Einarsson

ADRIR STAÐIR:

Sigurjón Guðjónsson prófastur
Saurbæ.
Páll V. G. Kolka hjeraðslæknir
Blönduósi.
Gugbjörg Kolka frú
Blönduósi.
Sigurður Sigurðsson sýslumaður
Sauðárkróki.
Jón Þ. Björnsson kennari
Sauðárkróki.
Friðrik J. Rafnar vígslubiskup
Akureyri.
Brynleifur Tobiasson menntask.k.
Akureyri.
Þórarinn Björnsson skólameistari
Akureyri.
Magnús Guðmundsson prestur
Ólafsvík.
Gísli Brynjólfsson prestur
Kirkjubæjarklaustri.
Eiríkur Brynjólfsson prestur
Útskálum.

Nafn	Heimili	Framlög	
		Kr.	au.
Sigurgeir Sigurðsson	Reykjavík	100.	—

den 25. Juli 1952

Hr. Bomand Utzon-Frank,
Kunsthandelen,
Toldbodgade 9,
Köbenhavn K.,

Paa Hr. Redaktör Valtýr Stefánssons Vegne
fremsendes herved i Check B.Nr.36147

d.Kr.1.850.00

til Betaling for Form og Afstøbning af Billedhugger
Sigurjon Olafsons Portrætfigur af Pastor Fridrik Fridriksson.

Med Höjagtelse,

-Sigfús Jónsson-

Seldir-tékkar.

Reykjavík, 24/7 19 52

LANDSBANKI ÍSLANDS

Hr. Valtýr Stefánsson *Stjórtoftafr.*

A

Nr.	Útl. upphæð	Gengi	Kr.	aur.	Prov.
	<i>Shu 1850-</i>	<i>24/7</i>	<i>4371</i>	<i>55</i>	<i>1640</i>
	<i>2.</i>	<i>130</i>			
	<i>GREITT</i>				
	<i>24 JUL 1952</i>				
	<i>LANDSBANKI ÍSLANDS</i>				
			<i>1640</i>		
			<i>4387</i>	<i>95</i>	

KUNSTHANDELEN · TOLDBODGADE 9 · KØBENHAVN K. · BYEN 4154
FARVELITOGRAFIER · GRAFISK KUNST · AFSØBNINGER AF SKULPTUR

Bomand Utzon-Frank,

7.7.52.

KUNSTHANDELEN · TOLDBODGADE 9 · KØBENHAVN K. · BYEN 4154
FARVELITOGRAFIER · GRAFISK KUNST · AFSØBNINGER AF SKULPTUR

B. Utzon-Frank.

7.7.52.

Hr. Redaktør Valtyr Stefansson.

Form og Afstøbning af Billedhugger Sigurjon Olafsons

Portrætfigur af Pastor Fridrik Fridriksson:

Kr. 1850

Godkendt 437/55

Sigurjon Olafsson

REPRISERTILIT
KANNAN.
1952

Ifølge aftale med Billedhugger Sigurjon Olafson
fremsender jeg herved en regning.

med venlig hilsen

Bomand Utzon-Frank

Morgunblaðið

AUSTURSTRÆTI 8 - PÓSTHÓLF 697

Hr. Guðrøðis Jón Bergsveinsson
Baldursg. 17

hefir í dag greitt Morgunblaðið fyrir vepna skyfðu
af Sr. Frítjofs Frítjofssonar

með kr. ~~5000.-~~

sem hjer með kvittast fyrir.

Reykjavík, 18. des. 1952

Kr. ~~5000.-~~

[Handwritten signature]

Morgunblaðið

AUSTURSTRÆTI 8 - PÓSTHÓLF 697

Hr. Sigurbjörn Þorkelsson

hefir í dag greitt Morgunblaðið fyrir 4 Skettis b. b.

með kr. ~~3500.-~~

sem hjer með kvittast fyrir.

Reykjavík, 18/12 1952

Kr. ~~3500.-~~

pf. Morgunblaðið
[Handwritten signature]

Endurgest. af h. Jóni Bergs.
19. Okt. 1953.
[Handwritten signature]

Hr. Sigurbjörn Þorkelsson

hefir í dag greitt Morgunblaðið fyrir vepna myndaskýfu
af Sr. Fr. Frítjofssonar

með kr. ~~5000.-~~

sem hjer með kvittast fyrir.

Reykjavík, 28. jan. 1953

Kr. ~~5000.-~~

[Handwritten signature]

Morgunblaðið

AUSTURSTRÆTI 8 - PÓSTHÓLF 697

Endurgest. af h.
Jóni Bergsveinsson 19/10. 53
[Handwritten signature]

Morgunblaðið

25

Valtér Stefánsson

Morgunblaðið hefir borgað mér undirrituðum

~~fráskriftuð. 00/100~~

nyggi laundry of sr. Þórunn Þórunn

Reykjavík, p. 5. mars 1953

Kr. ~~10.000.-~~

Sigrún Ólafsson

Morgunblaðið

Morgunblaðið hefir borgað mér undirrituðum

~~fráskriftuð. 00/100~~

- lokagjöldu þess stýttis af sr. Þórunn Þórunn

Reykjavík, p. 17. apr. 1953

Kr. ~~15.000.-~~

Sigrún Ólafsson

Ólafur Guðmundsson
22/5-53

Morgunblaðið

Morgunblaðið hefir borgað mér undirrituðum

~~fráskriftuð. kr. 00/100~~

Reykjavík, p. 3-7- 1953

Kr. ~~5000.-~~

f.s. Sigrún Ólafsson
Tove Ólafsson



Reykjavík, 18. desember 2023
MSS23110034

Séra Friðrik og drengurinn, 1952 (H-015) vegna erindis Birgittu Spur, ekkju Sigurjóns Ólafssonar, þess efnis að fá styttna afhenta.

Umsögn Listasafns Reykjavíkur

Listasafn Reykjavíkur hefur umsjón með listaverkasafni Reykjavíkurborgar þar með talið myndverkum á almannafæri.

Um starfsemina gilda samþykktir borgarráðs

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/samthykkt_fyrir_listasafn_rvk_2013_borgarstjorn_19.11.2013.pdf

Um listaverk í umsjá opinberra safna gilda safnalög

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011141.html>

Markið safnalaga er að tryggja varðveislu menningar- og náttúruarfs Íslands þannig að skila megi honum til komandi kynslóða. Undir löggin falla viðurkennd söfn sem eru varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings og eru ekki reknar í hagnaðarskyni. Listasafn Reykjavíkur og listaverk í umsjá þess falla undir ramma laganna.

Lögin kveða á um það með hvaða hætti safngripum skuli ráðstafað liggja ríkar ástæður til grisjunar eða að verk séu seld eða með öðrum hætti færð úr safneign. Samkvæmt lögunum skal þar horft til samþykka safnsins, haft samráð við höfuðsafn á starfssviði safnsins, sem er Listasafn Íslands, og leitað umsagnar Safnaráðs.

Í samþykktum um Listasafn Reykjavíkur kemur fram að ekki sé heimilt að selja eða láta á annan hátt af hendi listaverk úr eigu borgarinnar sem þegin hafa verið að gjöf og mælir allt með því að þetta ákvæði eigi við um verkið *Séra Friðrik og drengurinn* eftir Sigurjón Ólafsson (H-015). Eftir var til almennrar söfnunar til að kosta gerð styttnar og hafði Valtýr Pétursson forgöngu um hana. Myndhöggvarinn Sigurjón Ólafsson var fenginn til að gera styttna og listamanninum greitt fyrir. Verkið var steypt í brons og sett upp á horni Amtmannsstígs og Lækjargötu árið 1955. Verkið hefur stöðu í menningarsögu þjóðarinnar og hefur það verið í umsjá Reykjavíkurborgar frá því það var sett upp á horni Amtmannsstígs og Lækjargötu árið 1955. Það er skráð sem hluti af þeim menningararfi Íslands sem varðveittur er af Listasafni Reykjavíkur og safninu ber að tryggja að verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Ekki eru fordæmi fyrir því að listaverk í opinberri safneign séu færð í hendur einstaklinga með þeim hætti sem hér er lagt til. Þegar listaverkið *Séra Friðrik og drengurinn* (H-015) verður tekið niður mun Listasafn Reykjavíkur uppfylla þá skyldu að varðveita verkið í samræmi við samþykktir Reykjavíkurborgar um starfsemi safnsins og safnalög.

Borgarráð ákvað að taka verkið niður í ljósi upplýsinga sem komið hafa fram um hugsanleg brot séra Friðriks Friðrikssonar gegn ungum drengjum og að þar af



leiðandi eigi verkið ekki heima í almannarými. Rök borgarráðs fyrir niðurtöku verksins standa enn. Þau voru meðal annars að sýnileiki verksins í almannarými sé meiðandi fyrir þolendur. Því er ekki æskilegt að afhenda verkið óskyldum aðila.

Í ljósi stöðu listaverksins sem safngrips í opinberu safni og ástæður þess að verkið verður tekið niður og fært í listaverkageymslur Listasafns Reykjavíkur telur undirrituð engin rök fyrir því að afhenta verkið Birgittu Spur ekkju listamannsins.

Séra Friðrik og drengurinn eftir Sigurjón Ólafsson (H-015) er listaverk sem Listasafni Reykjavíkur ber að varðveita sem hluta af menningarsögu Íslands. Hvort og hvernig verkinu verður miðlað í framtíðinni verður tíminn að fá að leiða í ljós.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir

Safnstjóri

Listasafn Reykjavíkur



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Embætti borgarlögmans

Um eignarhald á styttni „séra Friðrik og drengurinn“.

Vísað er til minnisblaðs borgarlögmans til safnstjóra listasafns Reykjavíkur, dags. 22. nóvember 2023. Eins og kemur fram í niðurlagi minnisblaðsins höfðu ekki fundist skriflegar eignarheimildir yfir listaverkinu „séra Friðrik og drengurinn“ þegar það minnisblað var ritað. Í minnisblaðinu segir jafnframt að ekkert sé því til fyrirstöðu að Reykjavíkurborg færi listaverkið í geymslu geri aðrir ekki tilkall til þess. Rétt er að taka fram að með því er ekki átt við að nóg sé fyrir aðila að gera einfaldlega tilkall til listaverksins heldur verður slíkt tilkall að byggja á fullnægjandi grundvelli, þ.e. grundvelli eignarheimilda.

Í kjölfar erindis Birgittu Spur, ekkju Sigurjóns Ólafssonar höfundar umrædds listaverks, þar sem hún gerir tilkall til listaverksins, hefur embætti borgarlögmans ráðist í frekari skoðun á eignarrétti yfir listaverkinu. Í bréfi Birgittu er því haldið fram að fjársöfnunarnefndin hafi styrkt Sigurjón til að gera listaverkið en ekki hafi verið um gjöf til Reykjavíkurborgar að ræða. Er þar einnig vísað til texta á heimasíðu Listasafns Sigurjóns Ólafssonar um að Valtýr Stefánsson hafi samið við ríki og borg um staðsetningu listaverksins. Ekki fylgja frekari skjöl bréfi Birgittu.

Við leit borgarlögmans hafa ekki fundist formlegar og/eða skýrar eignarheimildir yfir listaverkinu en eftirfarandi skriflegar heimildir hafa fundist um listaverkið og aðdraganda þess að það var sett upp. Ekki er unnt að fullyrða að um tæmandi talningu á heimildum fyrrnefnds efnis sé að ræða.

Bréf Valtýs Stefánssonar til Skipulagsnefndar, dags. 11. nóvember 1952.

Bréf ritað fyrir hönd fjársöfnunarnefndar sem kosin var til að annast gerð minnismarkis um séra Friðrik Friðriksson og spurst fyrir um hvar skipulagsnefnd geti helst hugsað sér að velja listaverkinu stað.

Bréf Valtýs Stefánssonar til Samvinnunefndar um skipulagsmál, dags. 17. apríl 1953.

Fallist á tillögu um staðsetningu listaverksins á horni Amtmannsstígs og Lækjargötu en tekið fram að æskilegt væri að samvinnunefndin hefði að öðru leyti samráð við listamanninn, Sigurjón Ólafsson, um fyrirkomulag listaverksins.

Bréf Samvinnunefndar um skipulagsmál til bæjarráðs, dags. 5. maí 1953

Óskað staðfestingar bæjarráðs á staðsetningu listaverksins.

Fundur bæjarráðs 1. október 1954

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarverkfræðingi að sjá um uppsetningu listaverksins.



Morgunblaðið 3. október 1954

Frétt um að bæjarráð hafi falið bæjarverkfræðingi að annast uppsetningu á listaverkinu á horni Lækjargötu og Amtmannsstígs. Tekið fram að „Eins og kunnugt er, þá hafi listaverkið verið gert af Sigurjóni Ólafssyni myndhöggvara fyrir almenna fjársöfnun, sem fór fram undir forystu Valtýs Stefánssonar ritstjóra.“

Bréf til Forsætisráðuneytis, dags. 8. október 1954

Óskað leyfis fyrir því að listaverkið rísi á lóð ríkisins. Sendandi tilgreindur sem PL/HT.

Bréf frá Forsætisráðuneytinu, dags. 22. október 1954 (samkvæmt upplýsingum frá borgarskjalasafni)

Samþykkt að listaverkið rísi á lóð ríkisins við gatnamót Lækjargötu og Amtmannsstígs.

Morgunblaðið 26. maí 1955

Viðtal Valtýs Stefánssonar, ritstjóra Morgunblaðsins, við séra Friðrik. Daginn áður hafði listaverkið verið reist. Ekki kemur fram í fréttinni hver eigi listaverkið eða hafi látið gera það.

Kirkjuritið, 21. árgangur, 6. hefti, júní 1955

Greint frá því að 25. maí 1955 hafi stytta af séra Friðriki verið afhjúpuð. Listaverkið sagt gert af Sigurjóni Ólafssyni og gefið Reykjavíkurborg af vinum séra Friðriks.

Ritað á bréfsefni umferðardeildar gatnamálastjóra, óljóst hver ritar en gert eftir 1982

...Séra Friðrik Friðriksson við Lækjargötu eftir Sigurjón Ólafsson, var sett upp í maí 1955 og þar voru KFUM og K sem létu gera myndina og kostuðu uppsetningu hennar. Myndin hefur verið í umsjá Reykjavíkurborgar...“

Bókin „Sigurjón Ólafsson – Ævi og list II“.

Bókin var gefin út af Listasafni Sigurjóns Ólafssonar árið 1999. Höfundar listaverkaskrár eru fyrrnefnd Birgitta Spur, Sólveig Georgsdóttir, Helga Guðmundsdóttir og Geirfinnur Jónsson. Ritstjóri bókarinnar er Birgitta Spur.

Í aðfararorðum bókarinnar, rituðum af Birgittu Spur, segir meðal annars:

„Aftast í ritunum er birt heildarskrá, Catalogue raisonné, yfir öll þrívíð verk sem vitað er að Sigurjón vann. Skráin er árangur fimmtán ára skráninga og rannsókna sem Birgitta Spur, Sólveig Georgsdóttir, Helga Guðmundsdóttir og Geirfinnur Jónsson hafa unnið...“

Í umræddri heildarskrá verka Sigurjóns Ólafssonar segir þar á blaðsíðu 207 í inngangi skráarinnar að þær upplýsingar séu birtar með fyrirvara um hugsanlegar villur sem séu í þeim gögnum sem skráin byggir á og er sérstaklega tekið fram að eigendaskrá sé óstaðfest og lýsi einungis því sem skráð sé í spjaldskrá Listasafns Sigurjóns Ólafssonar. Í skránni er eigandi styttunnar séra *Friðrik og drengurinn* sagður Reykjavíkurborg.

Í grein Aðalsteins Ingólfssonar, *Kraftbirting persónuleikans*, á bls. 88 í sömu bók segir um styttuna af séra Friðriki Friðrikssyni og Héðni Valdimarssyni:



„Báðar eru þær hyllingar hugsjónamanna, báðar urðu þær til um svipað leyti og voru kostaðar af áhugamannahópum eða samtökum, myndin af séra Friðriki af stórum hópi vina hans og velunnara um allt land, sennilega að frumkvæði Valtýs Stefánssonar...“

Af því sem kemur fram í þessu riti verður ekki afdráttarlaust dregin sú ályktun að Reykjavíkurborg hafi verið gefið listaverkið. Hins vegar er ljóst að ritarar heildarskráarinnar, þ. á m. ekkja listamannsins, telja að svo sé. Virðast viðkomandi að minnsta kosti ekki telja að Listasafn Sigurjóns Ólafssonar eða ekkja hans séu eigendur listaverksins.

Listaverkaskrá Sigurjóns Ólafssonar á heimasíðu Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, sótt 6. desember 2023

Eigandi er sagður Reykjavíkurborg.

* * *

Ekkert þeirra gagna sem fundist hafa bera það afdráttarlaust með sér að umrætt listaverk hafi verið gefið Reykjavíkurborg að gjöf til eignar. Þau skjöl sem hafa fundist benda til þess að aðkoma Reykjavíkurborgar hafi fyrst um sinn falist í því að finna listaverkinu stað og sjá til þess að unnt yrði að koma því þar upp. Af gögnum má telja að fjársöfnunarnefnd, undir forystu Valtýs Stefánssonar ritstjóra, hafa farið með eignarheimildir yfir listaverkinu en ekki virðist hafa verið um að ræða formlega stofnaðan lögaðila eða að ætlunin hafi verið sú að fjársöfnunarnefndin eða meðlimir hennar myndu eiga verkið til frambúðar. A.m.k. hafa ekki fundist heimildir sem benda til þess. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki dreginn sú ályktun að ætlunin hafi verið að höfundur listaverksins yrði eigandi þess.

Bendir allt til þess að frá því að minnimerkið var sett upp árið 1955 hafi það verið á ábyrgð Reykjavíkurborgar. Virðist umrædd lóð hafa verið í eigu ríkisins þegar minnimerkið var sett upp en með samningi milli borgarsjóðs Reykjavíkur og ríkissjóðs Íslands árið 1984 hafi lóðin orðið eign Reykjavíkurborgar. Stóð minnimerkið því á lóð Reykjavíkurborgar og þannig í vörslum borgarinnar í u.þ.b. 38 og hálf tölur þar til það var tekið niður 24. janúar 2024.

EKKI verður séð að fyrirliggjandi gögn styðja kröfu ekkju höfundar styttnar um að henni verði afhent styttn til eignar. Virðast þvert á móti gögn sem stafa frá henni sjálfri hrekja kröfu hennar, sbr. upplýsingar úr listaverkaskrá listasafns Sigurjóns Ólafssonar.

Hefð

Styttn var afhjúpuð 25. maí 1955 og hefur verið í umsjá Reykjavíkurborgar óslitið frá þeim tíma og í vörslu Reykjavíkurborgar frá árinu 1984. A.m.k frá þeim tíma hefur Reykjavíkurborg farið með styttna sem sína eign enda stóð hún þá á borgarlandi. Engin skjöl hafa fundist um að afhending styttnar til Reykjavíkurborgar hafi verið með nokkurs konar fyrirvara eða áskilnaði um eignarhald annarra yfir henni. Þeir einstaklingar sem fjármögnuðu styttna hafa ekki gert tilkall til hennar og ekki hefur verið sýnt fram á að öðrum hafi verið framseldur eignarréttur yfir henni. Styttn hefur því verið í athugasemdalausri, óslitinni umsjá og undir yfirráðum Reykjavíkurborgar í að minnsta kosti 38 ár. Á þeim tíma hafi Reykjavíkurborg farið með styttna sem eign sína án þess að fyrir liggi vitneskja um eignarhald annarra yfir henni. Skilyrði þess að hefðarréttur stofnist yfir lausafé er að það hafi verið í vörslu hefðanda í 10 ár, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 um hefð, og er það skilyrði ótvírætt uppfyllt.

Með hliðsjón af framangreindu verður að telja að öröugt sé að fullyrða um eignarhald á styttni á grundvelli skráðra eignarheimilda. Hins vegar verður ekki litið hjá því að styttn var á ábyrgð



Reykjavíkurborgar allt frá uppsetningu og að hún hefur verið athugasemdalaust í umráðum Reykjavíkurborgar í rúm 38 ár. Hafi hún ekki í upphafi verið gefin Reykjavíkurborg til eignar má því engu að síður telja að styttn hafi orðið eign Reykjavíkurborgar á grundvelli hefðar í síðasta lagi 1994, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 um hefð.

F.h. borgarlögmans,

Jón Pétur Skúlason lögmaður